


PINGGERÐ
KÖRFUKNATTLIEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



29. ÁRSPING
1989

29. ÁRSPÍNG KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 15. og 16. apríl 1989.

FYRRI DAGUR:

1. SETNING PINGSINS OG KOSNING PINGFORSETA.

Formaður KKÍ, Kolbeinn Pálsson bauð fundarmenn velkomna og setti þingið. Hann stakk upp á Helga Ágústsyni sem 1. þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi. Kolbeinn Pálsson var kosinn 2. þingforseti.

2. A) KOSNING PINGRITARA.

Ingvar Kristinsson var kosinn þingritari og Pétur Hrafn Sigurðsson til vara.

B) KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR.

Stungið var upp á:	Gísla Georgssyni Ragnari Sigurðssyni Jóni Má Héðinssyni og voru þeir rétt kjörnir.
--------------------	---

3. KOSNING FASTRA NEFNDAA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

Laga og leikreglnanefnd:

Torfi Magnússon
Július Valgeirsson
Björn Leósson

Allsherjarnefnd:

Sigurður Lárus Hölm
Eiríkur Sigurðsson
Gunnar Gunnarsson

Fjárhagsnefnd:

Kristinn Albertsson
Ásgrímur Ingólfsson
Jón Steingrímsson

Allar þessar nefndarskipanir voru samþykktar samhljóða.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Formaður KKÍ, Kolbeinn Pálsson, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar og nefnda. Til hliðsjónar notaði hann skýrslu stjórnar KKÍ og skýrslur nefnda sem fram koma í ársskýrslu KKÍ 1988 - 1989.

Þingforseti óskaði eftir að skýrsla stjórnar og ársreikningar yrðu bornir upp í sameiningu og var það samþykkt.

5.GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR

Kristinn Albertsson, gjaldkeri KKÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins og skýrði þá. Hann kvað greiðslustöðu sambandsins erfiða og að yfirdráttur á hlaupareikningi væri kr. 519 þús. Enn var tap á lokahófi KKÍ og gengur slíkt ekki til lengdar. Uppgjöri reikninga var breytt frá því sem verið hefur. Í stað þess að færa útlagðan kostnað landsliðanna sem inneign hjá viðkomandi landslisnefnd, þá er þessi kostnaður gjaldfærður sem hlýtur að teljast eðlilegra. Landsliðsnefndir skila þar af leiðandi ekki sér reikningum eins og verið hefur undanfarin ár, heldur eru þeir færðir með heildarreikningum sambandsins. Þessi breyting skýrir m.a. tap upp á kr. 619 þús. Útlagður kostnaður KKÍ

vegna Harlem Globetrotters er eignfærður þar sem tekjur á móti kostnaði eiga eftir að koma inn. Að lokum sagði gjaldkeri að einhverjar villur gætu verið í reikningum varðandi skuldastöðu félaga vegna þess hve snemma þingið er haldið og ekki lægju allar upplýsingar fyrir. Gjaldkeri bað fundarmenn að hafa þetta í huga við lestur reikninga.

6. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU OG REIKNINGA STJÓRNAR.

Ómar Scheving spurðist fyrir um hverju það sætti að þinghald fundir og ráðstefnur í 8. lið fari svo langt fram úr fjárhagsáætlun. Einnig var spurt um laun formanns.

Skúli Skúlason spurðist fyrir um hversu mörgum hefði verið boðið á lokahófið og í hverju samningurinn við Nike fælist.

Kristinn Albertsson skýrði frá því að endurskoðendur KKÍ hefðu gert athugasemdir við þessa þætti í 8. lið sem spurt var um. Undir þing, fundir og ráðstefnur eru liðir eins og blaðamannafundir, formannafundir og ársfundur FIBA í Róm og aukafundur í München þar sem ákvörðun var tekin um að leyfa atvinnumönnum í NBA að taka þátt í mótmáum á vegum FIBA.

Samningur KKÍ við Nike er tekjufærður hlutfallslega miðað við dagsetta reikninga. Meiginhluti samningsins er enn ótekjufærður.

Hvað varðar laun formanns, þá var ekki búið að ganga frá því hver yrði formaður begar gengið var frá fjárhagsáætlun, en fyrri stjórn samþykkti að Birni Björgvinssyni yrði falið að leita að formanni með það í huga að honum yrði greitt. Kristinn var sammála því að það hefði mátt skyra síðasta þingi frá þessari hugmynd fráfarandi stjórnar.

Kolbeinn Pálsson skýrði frá þeim launum sem hann þáði fyrir sína vinnu og létt það í ljós að frá hans hendi hefði alltaf verið um laun fyrir þessi störf að ræða.

Matthías Viktorsson lýst yfir ánægju sinni með störf formanns og taldi þessa umræðu um laun hans ómerkilega.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru svo bornir upp og samþykktir samhljóða.

7. SKÝRSLA KJÖRBRÉFANEFDAR.

Kjörbréfanefnd hafði lokið störfum og las formaður hennar, Ragnar Sigurðsson, upp nöfn þeirra þingfulltrúa sem skráðir voru á kjörbréfin. Þau voru:

Frá ÍBH	Ingvar Jónsson Ólafur Magnússon Haraldur Stefánsson Ásgrímur Ingólfsson Sverrir Marinósson Ingvar Kristinsson Skúli Valtýsson
---------	---

Frá ÍBR	Ingólfur Jónsson Ágúst Líndal Ómar Scheving Jón Sigurðsson Sigurður Lárus Hólm Jón Steingrímsson Torfi Magnússon Helgi Gústafsson Elínborg Guðnadóttir Gísli Georgsson Ágúst Jóhannesson Björn Leósson Þór Örn Jónsson
---------	--

Karl Guðlaugsson
Sigurður Valur Halldórsson

Frá ÍS Ásta Fossadal
Vilborg Guðjónsdóttir
Bylgja Guðmundsdóttir
Ólafur P. Jóhannsson
Július Valgeirsson
Gunnar Þorvarðarson
Gunnar Gunnarsson
Friðrik Rúnarsson

Frá ÍBK Sigurður Ingimundarson
Helgi Hólm
Gunnar Valgeirsson
Sigurður Valgeirsson
Magrét Sturlaugsdóttir
Björg Hafsteinsdóttir

Frá ÍBA Jón Már Héðinsson
Eiríkur Sigurðsson
Guðmundur Guðlaugsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir

Frá ÍA Ragnar B. Sigurðsson
Elías H. Ólafsson

Frá UMSK Kristinn Albertsson

Kjörbréfin voru svo samþykkt öll í einu.

Kaffihlé kl. 14:30 - 14:50

8. FRÁFARANDI STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁETLUN.

Kristinn Albertsson gjaldkeri talaði fyrir fjárhagsáætlun fráfarandi stjórnar fyrir 1989-1990 (bingskjal nr. 5) og skýrði einstaka liði hennar. Vegna mikillar vinnu og aukinna umsvifa er gert ráð fyrir að bæta við starfsmönnum á skrifstofu sambandsins. Kristinn skýrði frá því að þáttökugjöld myndi hækka um 100% samkvæmt þessari áætlun, en skýrði jafnframt frá því að bau hefðu ekki hækkað í fjögur ár.

Fyrirspurnir komu fram um verkefni landsliða KKÍ.

Bent var á gífurlega háan dómarakostnað félaga á landsbyggðinni.

Lögð fram tillaga til fjárhagsnefndar að hún sundurliði þáttökugjöld í öllum flokkum fyrir árið 1988-1989 og fyrir 1989-1990.

Sambykkt að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

9. AÐRAR TILLÖGUR OG MÁL SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNAR.

Þingforseti tók þá fyrir þær tillögur sem borist höfðu til stjórnar.

Eiríkur Sigurðsson kom fram með tillögu um breytingu á 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót (sjá þingskjal nr. 11).

Þingforseti leitaði afbrigða við þingskóp þar sem tillagan kom of seint fram. Þingheimur samþykkti að taka tillöguna fyrir og var henni vísað til laga og leikreglnanefndar.

Sigurður Valur Halldórsson kom fram með tillögu um endurskoðun á lögum og reglugerðum Körfuknattleikssambandsins (sjá þingskjal nr. 12).

Þingforseti leitaði afbrigða svo hægt væri að taka tillöguna fyrir. Þingheimur samþykkti að vísa tillöggunni til alsherjarnefndar.

Sigurður Valur Halldórsson kom fram með tillögu um að breyta starfsreglum aganefndar KKÍ (sjá þingskjal nr. 13). Enn fremur kom Sigurður Valur með tillögu um breytingu á 16. grein laga og reglugerðar KKÍ (sjá þingskjal nr. 14).

Þingforseti leitaði afbrigða fyrir þessar tillögur sem þingheimur samþykkti og var tillögnum vísað til laga og leikreglnanefndar.

Kolbeinn Pálsson mælti fyrir tillögu frá stjórn KKÍ um heiðurskross (sjá þingskjal nr. 15).

Þingskjal nr. 1 var dregið til baka.

Þingskjal nr. 2. var dregið til baka

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 3 til laga og leikreglnanefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 4 til laga og leikreglnanefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 6 til allsherjarnefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 7 til allsherjarnefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 8 til laga og leikreglnanefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 9 til laga og leikreglnanefndar.

Samþykkt að vísa þingskjali nr. 10 til laga og leikreglnanefndar.

Sigurður Valur Halldórsson gerði athugasemd við þingskjal nr. 7 varðandi leyfi frá FIBA. Enn fremur skýrði hann út fyrir þingheimi tillögu sína um að vísa þingskjölum 6 og 7 til allsherjarnefndar.

Eiríkur Sigurðsson lagði fram tillögu um endurskoðun á greiðslum dómaragjalda (sjá þingskjal nr. 17). Samþykkt var að vísa tillöggunni til fjárhagsnefndar.

Matthías Viktorsson kvaddi sér hljóðs um úrslitakeppni í 6. flokki sem haldin var í Valsheimilinu gamla og kvartaði hann yfir því að mönnum skuli vera boðið upp á slika aðstöðu sem þar var boðið upp á.

Þingfrestun kl. 15:50.

SEINNI DAGUR.

Þingforseti bauð menn velkomna aftur til þings og bauð forseta ÍSÍ velkominn og gaf honum orðið.

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ, flutti þingheimi kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og þakklæti fyrir gott starf og gróskumikið. Sveinn ræddi um fjármál íþróttahreyfingarinnar og sagði sifellt meira fjármagn þurfa til að reka íþróttahreyfinguna, en framlag ríkis minnkar stöðugt. Lotto væri nú um 15% af heildarumsvifum íþróttahreyfingarinnar. Velta lottos hefur farið stöðugt vaxandi frá byrjun. Árið 1986 var hún 47 milljónir, árið 1987 461 milljón, árið 1988 701 milljón og það sem af er þessu ári 246 milljónir. Heildartekjur eignaraðila lotto eru um 550 milljónir og tekjur ÍSÍ 225 milljónir. Skiptingin á milli héraðssambanda og sérsambanda ÍSÍ var 55% til héraðssambanda og 45% til sérsambanda. Nú er skiptingin í höndum framkvæmdastjórnar ÍSÍ þar sem þessi skipting var ekki

samþykkt á síðasta íþróttapíngi. Íslenskar Getraunir skila veltu upp á 130 milljónir eftir að þær voru teknaðar inn í lotto kassana. Sveinn kom inn á fleiri atriði tengdum fjármálum s.s. húsaleigu íþróttahúsa og Norræna menningamálasjóðinn.

Sveinn ræddi um þá gagnrýni sem starfsemi Hótelssíða hefði fengið, en það var rekið með halla fyrsta árið. Reksturinn hefur síðan gengið betur og er hótelið m.a. notað fyrir landslið sem sækja Ísland heim og hefur líkað vel.

Mikil uppbygging á sér stað á Laugarvatni og verður þar innan skamms orðin mjög góð íþróttamiðstöð fyrir æfingabúðir.

Árið 1990 verður íþróttahátið og vonaðist Sveinn eftir góðri þátttöku frá KKÍ.

Sveinn óskaði landsliðum KKÍ góðs gengis á Evrópuleikum smáþjóða á Kýpur. Að lokum þakkaði hann stjórn og framkvæmdastjóra góð störf og vonaðist eftir frammhaldi á slíku.

Pingforseti tilkynnti að Kolbeinn Pálsson vildi fá að taka til máls utan dagskrár og samþykkti þingheimur það.

Kolbeinn Pálsson rædi um skýrslu þá sem Laszlo Nemeth landsliðspjálfari hafði tekið saman um störf sín og álit hans á íslenskum körfuknattleik, hvað mætti betur fara í þeim efnum.

Pingforseti gekk síðan til dagskrár.

1. ÁLIT NEFNDA.

a) Fjárhagsnefnd.

Kristinn Albertsson mælti fyrir hönd fjárhagsnefndar fyrir fjárhagsáætlun (sjá þingskjal nr. 18) og kynnti nokkrar breytingar á þá leið að þátttökugjöld af Íslandsmóti verði kr. 1.000.000,00 í stað kr. 1.200.000,00 og nýr tekjuliður komi inn sem er að KKÍ hafi forgang á sölu auglýsinga á bikarúrslitaleik í meistaraflokki.

Nefndin tók ekki afstöðu til tillögu Eiríks Sigurðssonar um ferðakostnað dómara (sjá þingskjal nr. 17)

Fjárhagsnefnd leggur til að Reykjavíkurfélög og félögin á Reykjanesi leggi ekki fram reikninga vegna ferðakostnaðar dómara þegar kemur til skiptingar á ferðasjóði (sjá þingskjal nr. 19).

Eiríkur Sigurðsson vonaðist til að tillaga hans um ferðakostnað dómara verði samþykkt (sjá þingskjal nr. 17).

Matthias Viktorsson lýst yfir óánægju með afgreiðslu fjárhagsnefndar á tillögu Eiríks Sigurðssonar.

Kristinn Albertsson gerði betur grein fyrir efnisatriðum tillögu Eiríks Sigurðssonar og hvernig ferðakostnaður yrði gerður upp. Einnig skýrði hann út núverandi afgreiðslu á ferðasjóði.

Matthias Viktorsson krafðist þess að þeir dómrarar sem landsbyggðarfélög skaffi verði sendir til Reykjavíkur að dæma, ef ekki yrði tekið tillit til tillögu Eiríks Sigurðssonar.

Kolbeinn Pálsson taldi það nauðsynlegt að það yrði fastmótað á hvern hátt kostnaður skiptist.

Pingforseti bar upp tillögu Eiríks Sigurðssonar (sjá þingskjal nr. 17) og var hún samþykkt með 14 atkvæðum gegn 11.

Kristinn Albertsson dró tillögu fjárhagsnefndar til baka (sjá þingskjal nr. 19) þar sem fjárhagsnefnd hafði samþykkt að fela formanni nefndarinnar að draga hana til baka ef tillaga Eiríks Sigurðssonar (sjá þingskjal nr. 17) yrði samþykkt.

Matthías Viktorsson lýsti furðu sinni á framkomu fjárhagsnefndar að draga tillöguna til baka og fannst slikt fráleitt og taldi líklegt að slikt bryti í bága við fundarsköp.

Þingforseti bar fjárhagsáætlun með breytingum nefndarinnar (sjá þingskjal nr. 18) undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

b) Laga og leikreglnanefnd.

Torfi Magnússon mælti fyrir hönd nefndarinnar. Eftirfarandi tillögur lágu fyrir nefndinni: Þingskjal nr. 3. Nefndin lagði til að þingskjalið yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti bar þingskjal nr. 3 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4. Nefndin mælti með tillöggunni og stakk upp á þremur nefndarmönnum og einum til vara. Þeir eru: Björn Leósson, Stefán Arnarsson, Ingvar Jónsson og Ragnar Sigurðsson til vara.

Kristinn Albertsson spurðist fyrir um hvort þessi heimild sem kveðið var á um í þingskjalinu væri lögleg.

Sigurður Valur Halldórsson skýrði lagalegu hlið málsins og taldi þessa heimild löglega.

Matthías Viktorsson vildi fá nánari rökstuðning fyrir þessari tillögu.

Kolbeinn Pálsson skýrði frá því að eðlilegt hefði þótt að skoða þá reynslu sem fengist hefði með hinu nýja flokkaskipulagi sem tekið var upp á síðasta keppnistímabili. Hefur þessi nýja skipan náð markmiði sínu, má einhverju breyta eða bæta? Nauðsynlegt sé að skoða þessi mál vandlega og því ákveðið að fá nefnd í málið sem hefur allt sumarið til að skoða málið.

Sigurður Lárus Hólm sagði að ekki hefði verið þörf á því að ljúka yngri flokkum fyrir Pólar - Cup eins og meistaraflokkunum. Það hefði verið betra að dreifa fjölliðamótunum meira yfir veturinn. Taldi ekki vera þörf á reglugerðarbreytingu.

Þingforseti bar þingskjal nr. 4 undir atkvæði og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu, ásamt tilnefningum laga og leikreglnanefndar í þá nefnd sem starfa á í sumar.

Þingskjal nr. 8. Nefndin lýsti sig andsnúna tillöggunni og lagði til að hún yrði felld.

Kristinn Albertsson sagði sig ekki sammála nefndinni um að þetta sé ekki besta leiðin til að fjölga dómurum og óskar eftir öðrum tillögum ef þær eru til. Kristinn útskýrði einnig ástæður bessarar fjölgunar sem mundi þýða það að hægt yrði að deildarskipta dómurum og þannig öðluðumst við betri dómarara.

Július Valgeirsson spurði hvort dómaranefnd myndi nota þá dómara sem félögin kæmu með.

Sigurður Valur Halldórsson taldi að þessi tillaga myndi ekki breyta neinu í dómaramálum. Það sem þurfi að breytast er agi á leikmönnum. Leikmenn verði að læra að bera meiri virðingu fyrir dómurum og hætta bessu sífellda nöldri.

Þingforseti bar þingskjal nr. 8 undir atkvæði og var hún felld með þorra atkvæða gegn 6.

Þingskjal nr. 9. Nefndin lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 10. Meirihluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði felld. Nefndin vildi ganga lengra og láta tillöguna ná yfir undanúrslitin líka þannig að í úrslitakeppninni þyrfti að sigra í þremur leikjum.

Kristinn Albertsson benti á að hér væri um litla breytingu að ræða og yrði eingöngu til þess að auka hag úrslitakeppninnar sem er hápunktur vetrarins.

Július Valgeirsson vildi koma álti minnihlutans á framfæri en það er að fella út úrslitakeppnina og leika fjórfalda umferð.

Þingforseti bar þingskjal nr. 10 undir atkvæði og var það samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.

Þingskjal nr. 11. Torfi Magnússon lýsti efnislega breytingunni á reglugerð 16 sem tillagan felur í sér. Meirihluti nefndarinnar óskaði eftir að tillagan yrði felld.

Þingforseti bar þingskjal nr. 11 undir atkvæði. Já sögðu 8, nei sögðu 16 og var tillagan því felld.

Þingskjal nr. 14. Nefndin lagði til að þessi breytingartillaga á reglugerð 16 yrði samþykkt.

Þingforseti bar þingskjal nr. 14 undir atkvæði og var það samþykkt mótkvæðalaust.

Þingskjal nr. 13. Nefndin lagði til að þingskjalið verði samþykkt.

Kristinn Albertsson benti á að dómrarar þurfi ekki að skila inn skyrslum fyrr en 7 dögum eftir leik og því geti dómari haft það á sínu valdi hvort leikmaður færi í bann eða ekki, með því að draga að skila inn skyrslu. Taldi það ekki gott þar sem það gæti valdið því að dómari yrði fyrir þrýstingi af hálfu félaga.

Sigurður Valur Halldórsson taldi þetta atriði ekki skipta höfuðmáli.

Kristinn Albertsson lagði fram breytingatillögu við 7. grein reglugerðar KKÍ (sjá þingskjal nr. 16).

Þingforseti bar þingskjal nr. 16 upp til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 13 til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

c) Allsherjarnefnd.

Sigurður Lárus Hólm formaður nefndarinnar gerði grein fyrir þeim tillögum sem fyrir nefndinni lágu og mælti fyrir þeim þingskjölum sem nefnin fékk til umfjöllunar.

Þingskjal nr. 12. Nefndin lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti bar þingkjalið upp til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15. Nefndin lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti bar upp þingskjalið til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6. Allsherjarnefnd taldi eðlilegt að taka þingskjal nr. 7 fyrir um leið og þingskjal nr. 6. Nefndin lagði til að breyting nr. 1 á þingskjalinu verði samþykkt, en breyting nr. 2 falli út (sjá þingskjal nr. 21). Breyting nr. 2 á þingskjali nr. 6 fellur inn í þingskjal nr. 7 (sjá þingskjal nr. 22). Sigurður Lárus Hólm áréttar 4. lið, þ.e. að ekki er

undir neinum kringumstæðum hægt fyrir erlendan leikmann að skipta um félag á áðurnefndu timabili. Nefndin leggur til að þingskjöl nr. 21 og nr. 22 verði samþykkt.

Kaffihlé kl. 12:30 - 12:50.

Kolbeinn Pálsson benti á ýmis atriði varðandi val á erlendum leikmönnum.

Þingforseti bar upp þingskjöl nr. 6 og 7 og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn fjórum.

Sigurður Lárus Hólms bar upp ályktun frá allsherjarnefnd varðandi samningsform fyrir félög til að hafa til hliðsjónar við rāðingu á erlendum leikmönnum (sjá þingskjal nr. 20).

Þingforseti bar upp þingskjalið og var það samþykkt samhljóða.

2. ÖNNUR MÁL.

Þingforseti leitaði samþykkis þingheims fyrir því að draga í riðla í Úrvalsdeild fyrir næsta keppnistímabil samkvæmt 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Var það samþykkt og dró þingforseti Val í A-riðil og UMFN í B-riðil.

Eftirfarandi félög skipa því riðlana:

A-riðill	B-riðill
ÍBK	KR
VALUR	UMFN
UMFG	HAUKAR
ÍR	UMFT
REYNIR	ÞÓR

3. KOSNING STJÓRNAR.

Stungið var upp á eftirtöldum mönum í stjórn:

Til tveggja ára: Gunnar Þorvarðarson, Kristinn Albertsson og Jón Þór Hannesson.
Ekki kom fram uppástunga um aðra og voru þeir kosnir einróma.

4. KOSNING Í DÓMSTÓL KKÍ TIL PRIGGJA ÁRA:

Aðalmaður: Hilmar Hafsteinsson
Varamaður: Ingi Gunnarsson
Kosnir einróma

5. KOSNING Í AGANEFND KKÍ TIL PRIGGJA ÁRA:

Aðalmaður: Jón Eysteinsson
Varamaður til eins árs: Bogi Þorsteinsson
Kosnir einróma.

6. NEFND TIL ENDURSKODUNAR Á LÖGUM OG REGLUGERDUM KKÍ.

Sigurður Valur Halldórsson
Auðunn Ágústsson
Gísli Gíslason
Kosnir einróma

7. NEFND TIL ENDURSKODUNAR Á LEIKJAFYRIRKOMULAGI YNGRI FLOKKA.

Björn Leósson
 Stefán Arnarsson
 Ingvar Jónsson
 Til vara: Ragnar Sigurðsson
 Kosnir einróma

8. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA.

Ágúst Jóhannesson
 Guðrún Ólafsdóttir
 Kosin einróma

9. KOSNING FULLTRÚA Á ÞING ÍþRÓTTASAMBANDS ÍSLANDS.

Kosningu á fulltrúa KKÍ á þing Íþróttasambands Íslands var vísað til stjórnar.


10. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.


Þingforseti lagði til að þingriturum og þingforseta yrði falið að ganga frá þinggerð og var það samþykkt.

11. ÞINGSLIT.

Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ þakkaði fráfarandi stjórn samstarfið og bauð nýjan mann velkomin til starfa. Hann þakkaði öllum þeim sem unnið hafa að framgangi körfuknattleiksins vel unnin störf. Einnig þakkaði Kolbeinn þingforseta og þingriturum sem og öllum nefndarmönnum fyrir störf þeirra á þinginu og sleit svo þingi.

Þingi slitið kl. 13:10.


 Helgi Ágústsson
 Þingforseti


 Ingvar Kristinsson
 Þingritari

PINGSKJAL NR. 1Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Breyting nr. 1

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Liðgengir til þáttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst einn mánuð, áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni, sem ekki hefur leikið með sínu gamla félagi á keppnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskipti; sjá þó reglugerð um erlenda leikmenn.

Breyting nr. 2

Neðst komi eftirfarandi:

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði hafi tilkynning þess efnis borist til stjórnar KKÍ fyrir 15. febrúar ár hvert. Verða slikir leikmenn löglegir strax, að undangenu samþykki stjórnar KKÍ, sé farið að reglum FIBA.

Stjórn KKÍ

Dregin til baka.

PINGSKJAL NR. 2.Tillaga að reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

1. Framvísa skal dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann.
2. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn.
3. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í mótmum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag hérlandis á þessu tímabili.
Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef félagslið tekur þátt í Evrópukeppni þar sem heimillt er að hafa two erlenda leikmenn.
4. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Vísað er þó í 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl.
5. Standi erlendur leikmaður hjá félagsliði ekki undur þeim kröfum sem til hans eru gerðar eða brýtur á einhvern hátt samkomlag bað sem félag hefur gert við hann er félagi heimilt að fá annan erlendan leikmann í hans stað fram til og með 15. febrúar ár hvert.

Stjórn KKÍ

Dregin til baka.

PINGSKJAL NR. 3.Tillaga um breytingu á 5. grein laga KKÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og skal miðað viðkennsluskýrslur hverju sinni þannig að fyrir allt að 50 iðkendur komi 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 4.Tillaga um fyrirkomulag keppni í yngri flokkum.

Ársþing samþykkir að kjósa nefnd sem komi fram með tillögur um leikskipulag yngri flokka í körfuknattleik.

Niðurstöður nefndarinnar skal leggja fyrir formannafund sem haldinn verður áður en íslandsmót hefst og hefur fundurinn heimild til að breyta keppnisfyrirkomulaginu í yngri flokkum telji hann það ráðlegt.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 5.FJÁRHAGSÁETLUN KKÍ 15.4. 1989 - 30.4. 1990.TEKJUR:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti	1.200.000
Tekjur af leikjum.....	180.000
Tekjur af leikskrá.....	100.000
Sjónvarpsréttindi.....	600.000
Þáttökugjöld í Bikarkeppni.....	270.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	719.653
LOTTO	2.400.000
Selt kennsluefni.....	120.000
Harlem Globetrotters.....	5.000.000
Lokahóf KKÍ	950.000
Dómaranámskeið	75.000
Ýmsar tekjur	250.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl.....	3.438.347
Samtals	15.303.000

Gjöld:

Íslandsmót.....	253.000
Ósundurliðaður kostnaður vegna móta.....	600.000
Bikarkeppni.....	95.000
Laun starfsmanna.....	2.000.000
Akstur.....	85.000
Rekstur skrifstofu.....	500.000
Pinghald, fundir, gjafir o.fl.....	265.000
Ýmis kostnaður	380.000
Harlem Globetrotters.....	3.100.000
Lokahóf KKÍ	950.000
Fræðslumál	200.000
Dómaranámskeið	75.000
Landslið KKÍ.....	6.800.000
Samtals	15.303.000

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjjal nr. 18)

PINGSKJAL NR. 6.**Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.****Breyting nr. 1**

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Liðgengir til þáttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst einn mánuð, áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni, sem ekki hefur leikið með sínu gamala félagi á keppnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskiptil; sjá þó reglugerð um erlenda leikmenn.

Breyting nr. 2

Neðst komi eftirfarandi:

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slíkir leikmenn löglegir strax, að undangengnu samþykktistjónrar KKÍ, sé farið að reglum FIBA

Stjórn KKÍ

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjál nr. 21)

PINGSKJAL NR. 7Tillaga að reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

1. Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. Keppnisleyfið gildir út viðkomandi keppnistímabil.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

Erlendur leikmaður verður löglegur samtímis og stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfið.

2. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn. Félög skulu sjálf sjá um að tilkynna FIBA um erlenda leikmenn sem leika með þeim.
3. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í móturnum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag hérlandis á þessu tímabili.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef félagslið tekur þátt í Evrópukeppni þar sem heimillt er að hafa tvo erlenda leikmenn.

4. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Vísað er þó í 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl.
5. Standi erlendur leikmaður hjá félagsliði ekki undur þeim kröfum sem til hans eru gerðar eða brýtur á einhvern hátt samkomlag það sem félag hefur gert við hann er félagi heimilt að fá annan erlendan leikmann í hans stað. Nýr leikmaður verður þó löglegur samtímis og stjórn KKÍ hefur gefið út nýtt keppnisleyfi.
6. Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:
 - a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
 - b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað oprúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.
7. Sömu agareglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.

Stjórn KKÍ.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 22).

PINGSKJAL NR. 8.Breytingartillaga við 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

3. Hvert félag skal tilnefna í Íslandsmót eða Bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið fjóra dómara.
- b) 1. deild karla pr. lið þrjá dómara.
- c) Meistaraflokk kvenna pr. lið two dómara
- d) Lávarðardeild pr. lið einn dómara

Félag sem tekur þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en þrjá dómara (eða fjóra ef lið tilkynnir einungis þátttöku í Úrvalsdeild) nema ef það tilkynnir

Dómaranefnd KKÍ

Felld

PINGSKJAL NR. 9.Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð

..... Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika 1 leik við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Varpa skal hlutkesti á hvorum heimavelli leikurinn fer fram. Liðin skulu bera jafnar tekjur og gjöld af leiknum.

Að lokinni riðlakeppni

Kristinn Albertsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 10.**Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.**

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í fyrri lotu í úrslitakeppni gilda þær reglur að efstu liðin í riðlakeppninni fá 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratalinn fær það lið 1., 3. og hugsanlega 5. leik á heimavelli, sem lenti ofar í Úrvvalsdeildinni.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í undanúrslitum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í úrslitum í fyrstu 4 leikjum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til fimmta leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskipan

Kristinn Albertsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 11.Breytingatillaga við 16. grein um körfuknattleiksmót.

..... keppnin fari þannig fram að liðin spili aðeins einn leik í hverri umferð. Dregið verði um hvaða lið leiki saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik, þó aldrei tvívar í röð nema andstæðingur í öðrum leik hafi einnig átt heimaleik í síðasta leik.

Eiríkur Sigurðsson

Felld

PINGSKJAL NR. 12.

Ársþing KKÍ samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir sambandsins.

Verkefni nefndarinnar verði eftirfarandi:

1. Í nánu samstarfi við stjórn KKÍ að yfirfara lög KKÍ og hinar ýmsu reglugerðir.
2. Kynna sér skipulag körfuknattleikssambanda í nálægum löndum.
3. Gera tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum KKÍ.
4. Nefndin skili áfangaskýrslu eigi síðar en 1. október 1989.
5. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum KKÍ verið lagðar fram eigi síðar en 10. mars 1990.
6. Áfangaskýrsla og tillögur skulu lagðar fyrir formannafund.

Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 13.Tillaga til breytingar á starfsreglum fyrir aganefnd.

Viðbót við grein 2:

Sérstök ákvæði.

Í úrslitakeppni Úrvvalsdeildar skal aganefnd kvödd saman, um leið og skýrsla dómara berst KKÍ.

Þegar aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn skal hann tilkynntur viðkomandi félagi og tekur úrskurðurinn gildi kl. 12:00 næsta dag.

Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 14.Tillaga um breytingu á 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

16. grein 3. töluliður falli út.

16. grein 4 töluliður verði töluliður 3 og orðist svo:

Hafi liðin skorað jafnmög stig samanlagt skal framlengja síðari leikinn þar til að annað liðið hefur sigur og kemst liðið þar með áfram í næstu umferð. Áður en framlenging hefst skal stigatafla færð á nálli og stig framlengingar talin frá nálli bæði á stigatöflu og leikskýrslu.

Sigurður Valur Halldórsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 15.Tillaga að viðbótargrein við reglugerð um veitingu heiðursmerkja.

Eftirfarandi viðbót bætist við reglugerðina:

Heiðurskross úr gulli.

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KKÍ veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni ómetanlegt gagn um árabil. Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 16.Tillaga til breytingar á 7. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Neðst komi eftirfarandi:

Í Úrslitakeppni skulu dómrar skila inn skýrslu til aganefndar eigi síðar en 24 klst. frá lok leiks.

Kristinn Albertsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 17.**Tillaga um að ferðakostnaður dómara skiptist jafnt á milli félaga.**

Tillaga um að ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild verði tekinn inn í dómarakostnað og skiptist jafnt á lið deildarinnar. Gjalddagar verði fjórir og sá síðasti strax að loknu móti til að leiðréttu vangreiddan eða ofgreiddan dómarakostnað.

Eiríkur Sigurðsson

Samþykkt 14:11

PÍNGSKJAL NR. 18.

FJÁRHAGSÁETLUN KKÍ 15.4. 1989 ~ 30.4. 1990.

TEKJUR:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti	1.000.000
Tekjur af leikjum.....	180.000
Tekjur af leikskrá.....	100.000
Sjónvarpsréttindi.....	600.000
Þáttökugjöld í Bikarkeppni.....	270.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	719.653
LOTTO.....	2.400.000
Selt kennsluefni.....	120.000
Harlem Globetrotters.....	5.000.000
Lokahóf KKÍ.....	950.000
Dómaranámskeið.....	75.000
Ýmsar tekjur	250.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl.....	3.438.347
Auglýsingar á Bikarúrlitaleik	200.000
Samtals	15.303.000

Gjöld:

Íslandsmót.....	253.000
Ósundurliðaður kostnaður vegna móta.....	600.000
Bikarkeppni.....	95.000
Laun starfsmanna.....	2.000.000
Akstur.....	85.000
Rekstur skrifstofu.....	500.000
Pinghald, fundir, gjafir o.fl.....	265.000
Ýmis kostnaður	380.000
Harlem Globetrotters.....	3.100.000
Lokahóf KKÍ	950.000
Fræðslumál	200.000
Dómaranámskeið	75.000
Landslið KKÍ.....	6.800.000

Samtals	15.303.000
---------	------------

PINGSKJAL NR. 19.Tillaga til ársþings KKÍ .

Félög á Reykjavíkur- og Reykjanessvæði skulu ekki leggja fram reikninga vegna ferðakostnaðar dómara þegar til skiptingar kemur á ferðasjóði dómara.

Fjárhagsnefnd KKÍ:

Kristinn Albertsson
 Ásgrímur Ingólfsson
 Jón Steingrímsson

Dregin til baka

PINGSKJAL NR. 20.

Ársþing KKÍ samþykkir að beina því til stjórnar KKÍ að gera samningsform sem félög gætu haft til hliðsjónar við ráðningu erlendra ríkisborgara til íslenskra félagsliða.

Allsherjarnefnd KKÍ:
 Sigurður Lárus Hólm
 Eiríkur Sigurðsson
 Gunnar Gunnarsson

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 21.Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Liðgengir til þáttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst einn mánuð, áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni, sem ekki hefur leikið með sínu gamla félagi á keppnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskipti; sjá þó reglugerð um erlenda leikmenn.

Stjórn KKÍ

Sampykkt

PINGSKJAL NR. 22Tillaga að reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

1. Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slikir leikmenn löglegir strax, að undangengnu samþykki stjórnar KKÍ, sé farið að reglum FIBA.
2. Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. Keppnisleyfið gildir út viðkomandi keppnistímabil.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

Erlendur leikmaður verður löglegur samtímis og stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfið.

3. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn. Félög skulu sjálf sjá um að tilkynna FIBA um erlenda leikmenn sem leika með þeim.
4. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í móturnum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag hérlandis á þessu tímabili.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef félagslið tekur þátt í Evrópukeppni þar sem heimillt er að hafa two erlenda leikmenn.

5. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Vísað er þó í 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl.
6. Standi erlendur leikmaður hjá félagsliði ekki undur þeim kröfum sem til hans eru gerðar eða brýtur á einhvern hátt samkomlag það sem félag hefur gert við hann er félagi heimilt að fá annan erlendan leikmann í hans stað. Nýr leikmaður verður þó löglegur samtímis og stjórn KKÍ hefur gefið út nýtt keppnisleyfi.
7. Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:
 - a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
 - b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óprúðmannalega framkomu við dómarar eða starfsmenn leiks.
8. Sömu agareglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.

Stjórn KKÍ.

Samþykkt

